



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

29. nóvember 2002

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um staðgr. skatts á fjármagnstekjur (371. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV gera ekki athugasemdir við 1-3. gr. frumvarpsins, en vilja hins vegar koma á framfæri ábendingum varðandi 4. gr.

**17. gr. laga nr. 94/1996 er svohljóðandi:**

Séu greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal skattstjóri gera skilaskyldum aðila að sæta álagi til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og skattur því verið áætlaður, sbr. 3. mgr. 9. gr., nema skilaskyldur aðili hafi greitt fyrir eindaga fjárhæð er til áætlunarinnar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar.
2. **Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987**

**Í 7. gr. segir síðan:**

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera almanaksárið. Gjaldldagi er 15. janúar árlega og er eindagi 15 dögum síðar.

Í breytingartillögu 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að álag 2 (skv. 2. tölul. 17. gr.) sé reiknað frá og með gjaldldaga hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, þ.e. 1. febrúar sbr. ofangreint.

Álag 1 (skv. 1. tölul.) er hins vegar lagt á fyrir hvern byrjaðan dag eftir eindaga, sem í þessu tilviki þýðir einnig 1. febrúar.

Samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt tekur álag 2 við af álagi 1, þannig að tryggt er að aðeins sé refsað með „einu“ álagi fyrir sama tímabil. Hins vegar leiðir frumvarpið til þess að áfram geti tvenns konar álag reiknast frá sama tíma þegar um fjármagnstekjur er að ræða. Ekki eru rök fyrir að gera þannig upp á milli þessara skattstofna, þ.e. að beita strangari viðurlögum í síðast nefnda tilvikinu. Hér má benda á að í athugasemdum um 17. gr. í greinargerð með því

frumvarpi sem varð að lögum nr. 94/1996 sagði m.a.: *Viðurlagsákvörðun og endurákvörðun skilaskyldrar greiðslu fer eftir sambærilegum reglum og nú gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um meðferð vanskilafjár, álags og sekta. Ákvörðun um refsingar fer alfarið eftir núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.*" Ekki verður því annað séð en að um hrein mistök hafi verið að ræða, þ.e. að gleymst hafi að taka tillit til þess að gjalddagi og eindagi voru ekki þeir sömu í fjármagnstekjuskattinum og hinum eldri lögum sem vísað er til.

Ljóst er að ekki gengur að bæta úr þessu réttarástandi með því að færa gjalddaga eða eindaga í lögum nr. 94/1996 framur þar sem mikil vinna felst í uppgjöri fjármagnstekjuskatts innan fjármálafyrirtækja, eftir að vextir hafa verið reiknaðir út í árslok. Gjalddagi þann 15. janúar er því í raun mjög knappur tími.

Farsælasta lausnin væri að breyta 7. gr. þannig að gjalddagi og eindagi yrðu þeir sömu, þ.e. 1. febrúar.


Samhliða yrði gerð eftirfarandi breyting á 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna, þannig að efnismgr. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

*Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár reiknuð frá og með 15. degi eftir eindaga. Álag þetta skal vera sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Dráttarvextir samkvæmt þessum tölulið skulu vera dagvextir.*

Hér tekur álag 2 (skv. 2. tölul.) við af álagi 1 (skv. 1. tölul.) og því kemur ekki til tvenns konar álags á sama tíma.

Ef ekki er fallist á að breyta 7. gr., er samt mikilvægt að framangreind breyting verði gerð á 17. gr. laganna til að bæta úr óviðunandi réttarástandi. Í því tilviki myndi breyttur texti leiða til þess að ekki sé reiknað álag frá gjalddaga til eindaga, eins og frumvarpstextinn ráðgerir. Það er sama regla og gildir í lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri